

## ADT (gaADT)

### ADT - Lotur, Eyðublöð - leiðréttá þjónustuflokk

SAG-7010

Nú birtast eingöngu þjónustuflokkar sem tilheyra sömu stofnun þegar valið er að leiðréttá þjónustuflokk.

## Afgreiðsla (gaSab)

### Afgreiðsla - Tilvísanir

SAG-8089

Börn með tilvísun greiða ekkert í reikningi fyrir almenna verðskrá fyrir þjónustuflokka sem Sí tekur þátt í.

### Afgreiðsla - tímabókanir og komur

SAG-8110

Ef tilvísandi lækni er breytt í tímabókun eftir að búið er að skrá komu þá afritast hann yfir í komuna. Ef búið var að skrá annan tilvísandi lækni í komuna þá er notanda boðið að velja hvort hann vilji nota þann sem hann er að skrá í tímabókuninni, nota þann sem skráður var á komuna eða hreinsa svæðið í tímabókuninni. Þetta hegðar sér eins og þegar verið er að skrá tilvísun.

### Afgreiðsla - tímabókunargluggi og komugluggi

SAG-8107

Nú er ekki lengur hægt að skrifa í reitinn fyrir tilvísandi lækni, heldur þarf að velja lækni úr lista.

### Afgreiðsla - komur

SAG-7946

Bætt hefur verið við dálki fyrir „Form tímabókunar“ í komugluggann.

### Afgreiðsla - Formúlur

SAG-8084

Fyrir sérfræðieiningaflokka er hægt nota áfram formúlur í stað hlutfalla Sí en þak Sí reiknast með. Hægt er að stilla þetta í stillingareiningunni undir „Einingaverð“.

### Afgreiðsla - Rangt XML

SAG-8627

Það gat komið fyrir, sökum rangrar afrúningar, að hlutur sjúklings varð 1kr í stað 0kr.

### Afgreiðsla - Tilvísun barna

SAG-8197

Niðurfelling á hlut barns í reikningi vegna tilvísunar er háð því að „Já, frá heilsugæslustöð“ hefur verið valið í reitnum „Tilvísun“ og viðkomandi læknir valinn sem „Tilvísandi læknir“. Tilvísun frá slysa- og bráðamóttöku t.d. gildir ekki til niðurfellingar.

### Afgreiðsla - Yfirlit yfiráætlanir í afgreiðslu - Vefbókanlegt á alla

SAG-7653

Heitinu á „Vefbókanlegt á alla“ hefur verið breytt í „Vefbókanlegt um allt land“. Heitinu var breytt vegna þess að það kom fyrir að valið var „Vefbókanlegt á alla“ þegar raunverulega hefði átt að velja „Vefbókanlegt á deild“.

## Bakgrunnsvinnsla Sögu

### Saga - Fæðingartilkynningar

SAG-7820

Fæðingartilkynningar frá öðrum stofnunum voru ekki að berast LSH. Það hefur nú verið lagað.

### Sending raðnúmer sjúklings til sóttvarnalæknis

SAG-8098

Í Sögu er núna þjónusta sem sendir raðnúmer sjúklings ásamt kennitölu, deild og stofnun til sóttvarnalæknis.

## Aðgangsstýringar

### Aðgangsstýringar - Nýr gluggi til að gefa skýringu fyrir aðgangi að sjúkraskrá

SAG-6899

Búinn var til nýr gluggi til að gefa skýringu fyrir aðgangi að sjúkling óháð því hvort verið er að biðja um aukinn aðgang eða ekki.

Hægt er að kalla gluggann fram með því að smella á lás sem birtist fyrir aftan nafn sjúklings í sjúklingaborða. Hægt er að skrá skýringu sem frjálstan texta eða velja úr fyrirfram skilgreindum lista. Í glugganum birtast tengsl innskráðs notanda við sjúkling ásamt upplýsingum um hversu lengi tengslin við hann eru virk ef það á við. Glugginn sýnir hvort notandi sé með aukinn aðgang og einnig síðustu skýringu sem gefin var fyrir aðgangi. Hægt er að sækja um aukinn aðgang í glugganum með því að haka í sérstakan reit fyrir það. Ekki er hægt að kalla fram þennan glugga ef enginn aðgangur að sjúkraskrá einstaklings er mögulegur.

### Aðgangsstýringar

SAG-8534

Nú geta notendur með takmarkaðan aðgang og venjulegann aðgang gefið ástæðu fyrir uppflettingu í sjúkraskrá.

## Aðgangsstýringar

SAG-8329

Gerðar hafa verið breytingar á glugganum „Aðgangur að sjúkraskrá”. Upplýsingarnar sem koma fram í þeim glugga eru nú skýrari og einfaldari.

## Aðgangsstýringar

SAG-8328

Þegar nýr einstaklingur er valinn opnast gluggi merktur „Aðgengi að upplýsingum” þar sem notandi biður um aðgang að sjúkraskrá einstaklings. Þar voru fyrir takkarnir „Samþykking” og „Hafna” en þeim hefur verið skipt út fyrir „Sjúkraskrá” og „Almennar upplýsingar”.

## Dýnamísk skráningarform

### Eyðublöð - Útskriftarleiðbeiningar

SAG-7605

Nýtt eyðublað #5100, Útskriftarleiðbeiningar, er hugsað til að skrifa og afhenda sjúklingum leiðbeiningar eftir aðgerð/meðferð.

## Eyðublað

### Eyðublað - Læknabréf

SAG-7579

Þegar læknabréf sem inniheldur viðhengi er ógildað, þá ógildast öll viðhengin líka.

### Eyðublað - Samskiptaseðill #36

SAG-7316

Bætt var við kafla á blaðið þar sem hægt er að skrá hvort einstaklingur reyki og í hve mörg pakkaár. Upplýsingarnar eru kóðaðar.

### Rafræn eyðublöð - (or) læknabréf (#12) og tilvísun (#196)

SAG-7708

Nú er hægt að setja viðhengi á '(or) læknabréf' og 'tilvísun' eyðublöð. Ef þessi eyðublöð eru send rafrænt fara viðhengin með. Ath: Ef þessi eyðublöð eru send á stofnun með útgáfu af sögu eldri en 2017.2 fara viðhengi ekki með en blöðin virka annars eins og áður.

### Eyðublöð - hægt að velja stofnun eða lækni sem viðtakanda á læknabréfum

SAG-7993

Nú er hægt að velja lækni eða stofnun sem viðtakanda á eftirfarandi blöðum:

(or) Læknabréf #12  
(er) Bréf og greinargerðir #75  
(or) Hjúkrunarbréf #85  
Læknabréf #186  
(er) Slysadeildarbréf - enskt #297  
Innlagnarbeiðni á Reykjalund #347  
Læknabréf v/ sykursýki #408

(or) Hjúkrunarbréf #85 er með sérvirkni þannig að sjálfgefinn viðtakandi er lesinn úr stilligildi 1089 þegar blaðið er búið til. Virkni var bætt við að ef stilligildið er tomt þá er viðtakandi settur sem heimilislæknir einstaklings eins og á hinum blöðunum.

## Eyðublöð (gaSheetModule)

### Eyðublöð

SAG-7860

Búið er að draga úr minnisnotkun þegar stór viðhengi eru skoðuð í Eyðublaðaeiningunni, og vandalaust að skoða t.d. stór PDF skjöl án þess að minnisvandræða verði vart.

### Eyðublöð - afritun eyðublaðs

SAG-7494

Löguð var villa þar sem hægt var að afrita kerfiseyðublöð.

### Eyðublöð - Villa við afritun

SAG-7446

Löguð var villa þar sem tenging milli eyðublaðs og legu gat glatast.  
Var til staðar fyrir eftirfarandi eyðublöð: Aðgerðalýsing #11, Læknabréf #12) og Útskriftarnóta #13.

### Eyðublað - Beiðni um sjúkrahótel #721

SAG-7025

Nú er hægt að vandaliða eyðublaðið.

### Legur og Eyðublöð - rangur kerfissjúklingur

SAG-8092

Löguð var villa þar sem upp gat komið sú staða að ekki var sami einstaklingur valinn í sjúklingaborða og eyðublaðatré þegar farið var úr Legum yfir í Eyðublöð

### Opna viðhengi í skilaboðum - eyðublað eða samskipti ekki alltaf valinn.

SAG-7511

Löguð var villa þar sem eyðublaðatré opnaðist ekki alltaf með valið eyðublað eða samskipti valið ef ýtt var á viðhengi úr skilaboðum.

## Veru samskipta eyðublöð

SAG-8129

Þegar notandi í Veru stofnar til samskipta (þ.e. ný fyrirspurn og beiðni um lyfjaendurnýjun) verða eyðublöð tengd þeim til sem óstaðfest eyðublöð í Sögu. Ef þessum samskiptum er svarað í Sögu eru eyðublöðin staðfest.

Þegar notandi í Sögu stofnar Veru samskipti verða eyðublöð tengd þeim til sem staðfest eyðublöð.

## Eyðublöð - Viðhengi #375

SAG-8300

Villa sem kom þegar birta átti viðhengi af taginu odt (Open Document Format) á viðhengiseyðublaði hefur verið löguð.

## Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

### Forsíða sjúklings - Lyfjakort - Lyfjaendurnýjunarfjölvalsgluggi

SAG-7458

Nú er hægt að endurnýja undanþágulyf í fjölvalsglugga og þarf lækni að haka við „Staðfesting læknis“ til að hægt sé að senda endurnýjun. Hægt er breyta upplýsingum tengdum lyfjaávisun fyrir undanþágulyf eins og fyrir venjuleg lyf, nema að breytingaglugginn þarf fleiri upplýsingar eins og t.d. rökstuðning læknis og staðfestingu læknis.

Endurnýjunarvalmyndin í fjölvalsglugganum hefur núna tákmyndir hjá heiti lyfs sem að standa fyrir

- „Eftirritunarskylt“
- „Skömmtun“
- „Undanþágulyf“

Í fyrra viðmóti voru þessi atriði merkt með annaðhvort „Já“ eða „Nei“.

### Forsíðasjúklings og Vera fyrirspurnarlag

SAG-7674

Löguð var skekkja í V\_ADT\_ARRIVALS og V\_VERA\_AMBULATORY\_ARRIVALS. Þessi view eru notuð til að sækja göngudeildarkomur. Tenging í view-inu við staðsetningardeild sem koma tilheyrir var röng. Athugað var hvort notandi hafi aðgangsréttindi til að sjá komu með því að athuga annarsvegar hvort hann hafi aðgang að kjarnadeildinni sem kom er skráð á (sú tenging var rétt) eða staðsetningardeild.

### Lyfjaendurnýjun

SAG-7017

Nú birtast skilaboð sem ritari skrifar í „Lýsing starfsmanns“ þegar hann býr til beiðni um lyfjaendurnýjun ekki lengur í Textasýn sjúklings. „Lýsing starfsmanns“ í lyfjaendurnýjunarbeiðnum er ekki lengur talin sem hluti af sjúkraskrá sjúklings.

### Forsíða sjúklings - lyfjaendurnýjun

SAG-7274

Bætt hefur verið við nýju stilligildi, 1071. Ef það er virkt þá er sjálfgefið valið nýtt samskiptasnið í „Ný samskipti“, og það snið sem er valið er gildi stilligildisins.

### Forsíða sjúklings - kóðaleit

SAG-7092

Bætt hefur verið við flipa sem sýnir sjúklingakort sjúklings og hægt er að velja eldri greiningu.

### Saga - listar sem sýna sjúklinga „Í minni umsjá“ uppfærast sjálfkrafa

SAG-7915

Löguð var villa þar sem listinn „Í minni umsjá“ uppfærðist ekki alltaf sjálfkrafa þegar gerðar voru breytingar á honum. Þetta var lagað í Forsíðu sjúklings, Mælingum og Íhlutum.

## Forsíða starfsmanns

### Forsíða starfsmanns - Rafræn skeyti

SAG-7482

Þegar rafrænt skeyti er skoðað og smelt er á „Merkja lesið“ hnappinn, þá lokast glugginn sjálfkrafa.

### Forsíða starfsmanns - Skilaboð

SAG-7088

Bætt hefur verið við möguleika að sía lesin skilaboð og tilkynningar í forsíðu starfsmanns.

### Forsíða starfsmanns - skilaboð

SAG-7896

Ef einhver notandi sendir skilaboð á póstlista og annar notandi sendir svar með því að „Svara öllum“, þá fær sá fyrsti sem sendi póstinn einungis eitt svar í stað þess að fá tvö svör.

### Saga - flýtilyklar og forsíða starfsmanns - vinnulisti

SAG-7422

Nú er kominn nýr takki sem leyfir notanda að senda ný skilaboð í vinnulistanum. Einnig er kominn nýr flýtilykill í Sögu, „Shift+Ctrl+N“ sem opnar gluggann: „Ný skilaboð“ í öllum einingum í Sögu.

### Forsíða starfsmanns - flýtilyklar

SAG-7935

Bætt hefur verið við tveimur flýtilyklum.

- Lyklinum „F6“ til að hoppa á milli eininganna „Forsíða starfsmanns“ og „Eyðublöð“.
- Lyklinum „F9“ til að hoppa á milli eininganna „Forsíða starfsmanns“ og „Ný Textasýn“.

## Forsíða starfsmanns

SAG-7743

Bætt hefur verið möguleikanum á að loka völdum kerfissjúkling með flýttiskipuninni „CTRL + L”.

## Starfsmannastika - Vera

SAG-7089

Á starfsmannastikunni er nú flýtihnappur inn í „Fyrirspurnir” gluggann í forsiðu starfsmanns. Hjá flýtihnappinum sést einnig fjöldi ósvaraðra fyrirspurna og ef músarbendill fer yfir flýtihnappinn þá birtist svifmynd með yfirliti um fyrirspurnirnar.

## Forsíða starfsmanns

SAG-7483

Nú birtist skrunstika í glugga þegar rafræn skeyti eru opnuð.

## Forsíða starfsmanns - Rafræn skeyti

SAG-7485

Þegar rafrænt skeyti er merkt sem „Lesið” þá uppfærist listi rafrænna skeyta og skeytið hverfur ef síað er með tilliti til lesinna skeyta.

## Forsíða starfsmanns - vinnulisti

SAG-7421

Nú er hægt að skoða ferilsögu eyðublaðs í vinnulista með því að ýta á hnappinn „Ferilsaga eyðublaðs“ þegar eyðublað er valið í vinnulistanum.

## Forsíða starfsmanns - lyfjaendurnýjun

SAG-7744

Þegar upplýsingum lyfseðils er breytt í lyfjaendurnýjun stendur nú „Ath. til apóteks” þar sem áður stóð „Athugasemd”

## Forsíða Starfsmanns (Lyfjaendurnýjun)

## Forsíða starfsmanns - Lyfjaendurnýjun

SAG-7090

Þegar læknir endurnýjar eða hafnar lyfjaendurnýjun þá uppfærist teljarinn í starfsmannastikunni.

## Forsíða starfsmanns - Lyfjaendurnýjun

SAG-7707

Sviftextinn sem birtist yfir „Ávísanir í lyfjagrunni” birtir nú flokka með virkum ávísunum og með gömlum útleystum/útrunnum ávísunum.

## Forsíða starfsmanns - Lyfjaendurnýjun

SAG-7553

Þegar lyf er endurnýjað og valið er að skipta um lyf, þá opnast lyfjaleitarglugginn sjálfkrafa með samheitalyfjum.

## Forsíða Starfsmanns (Vera)

### Forsíða starfsmanns (Vera) - Lyfjaendurnýjun

SAG-7829

Þegar lyfjaendurnýjun er skoðuð þá sýnir nú „Síðasta koma“ síðustu komu til læknis, en áður sýndi það síðustu komu til hvers sem er á stofnun. Einnig er hægt að fara með músina yfir textann til að sjá sviftexta sem að sýnir síðustu fimm komur til læknis

### Forsíða starfsmanns/Vera

SAG-7271

Búið hefur verið til nýtt stilligildi, 1198. Ef stilligildið er virkt fara beiðnir um lyfjaendurnýjun frá Veru sjálfkrafa í Lyfjaendurnýjunarflípanni í Forsíðu starfsmanns og í Mínar fyrirsurnir undir Veru hjá heimilislækni einstaklings. Ef það er óvirkt þá birtast beiðnir um lyfjaendurnýjanir frá Veru einungis í skjáborði í Veru þar sem læknaritari getur sent þau á heimilislækni með nýjum takka sem heitir „Senda á heimilislækni“.

Einnig hefur verið bætt við síu sem að síar í burtu þær fyrirsurnir sem hafa þegar verið sendar á einhvern starfsmann.

### Forsíða starfsmanns - Lyfjaendurnýjun

SAG-7831

Nú er möguleiki á því að breyta um lyf í lyfjaendurnýjun í Forsíðu starfsmanns, Forsíðu sjúklings og í Veru skjáborði. Einnig er hægt að breyta öllum upplýsingum t.d. fjölda pakkninga, fjölda afgreiðslna, notkunarleiðbeiningum og gildistíma.

### Forsíða starfsmanns - Flýtitextar

SAG-7272

Bætt hefur verið við 13 flýtitextum í samskiptaborð Veru. Hægt er að sjá flýtitextana með því að smella í textaboxið og ýta á „Ctrl + Shift + T“ og þá opnast valgluggi fyrir flýtitextana.

Einnig er hægt að velja flýtitexta með því að slá inn %kóði og síðan ýta á „Ctrl + T“. Þar sem kóði stendur fyrir flýtitextakóða.

## Forsíða starfsmanns (Vinnulisti)

### Forsíða starfsmanns - Vinnulisti

SAG-8054

Fyrirsurn fyrir „Óklárað“ var löguð til og á nú að vera hraðvirkari.



### Forsíða starfsmanns - Vinnulisti

SAG-8177

Fyrirspurnir fyrir „Klárað“ og „Klárað af mér“ voru lagaðar til og eiga nú að vera hraðvirkari.

### Forsíða starfsmanns - Vinnulisti

SAG-7415

Nú sést staða rafrænna sendinga eyðublaðs efst í textasýn þegar textasýn fyrir eyðublað er skoðuð í vinnulistanum.

## KIOSK (komuskráning)

### Afgreiðsla - komuskráning með afgreiðslustand

SAG-7917

Ef einstaklingur á bókaðan tíma á mörg aðföng sem byrja á sama tíma verður til koma fyrir allar tímabókanirnar. Þetta á einungis við um tímabókanir sem afgreiðslustandurinn er stilltur til að sjá.

Nú er hægt að afmarka hvaða tímabókanir afgreiðslustandur horfir á út frá valinni afgreiðsludeild (deild/sérgrein í viðmóti) við gerð tímabókunar.

## KIOSK (uppfletting heimilisfólks)

### KIOSK - Uppfletting heimilisfólks

SAG-7757

Nú gerir kiosk ekki mun á eftirfarandi stöfum við leit:

a/á, ð/d, e/é, i/í, o/ó, u/ú y/ý og o/ö.

## Legur (gaADTAdmissions)

### Legur - Innritun sjúklinga

SAG-7392

Nú er hægt að innrita sjúklinga inn á dagdeildir til viðbótar við legudeildir.

### Legur - Innritun sjúklinga

SAG-8245

Ef stilligildi 180 er virkt er ekki lengur hægt að innrita sjúkling í legu með innritunardagsetningu seinni en fyrsta koma.

## Legur - Staðfesting mætingar

SAG-7513

Hægt að staðfesta mætingu í dagdeildarferli þó að sjúklingur sé innritaður í legu á annarri deild ef stilligildi 180 er virkt.

## Legur - Deildarlisti

SAG-7628

Deildir sem birtast í fellilista í sjúklingavali eru nú háðar stilligildi 184.

- Ef stilligildið er virkt þá getur notandi skoðað þær deildir sem hann hefur fengið aðgang að, auk þess að geta skoðað allar deildir innan þeirrar stofnunar sem hann er skráður inn á.
- Ef stilligildið er ekki virkt þá getur notandi einungis skoðað þær deildir sem hann hefur fengið aðgang að.

## Meðferðarskráning (gaTreatment)

### Meðferð - Framvindunótur og Framvindunótusaga

SAG-8338

Farið var í gegnum virknina sem sækir gögnin fyrir Framvindunótur og Framvindunótusögu og breytingar gerðar sem eiga að skila sér í betri afköstum og koma í veg fyrir að það komi „time out“ þegar gögnin eru sótt.

## Mælingar (gaMeasurements)

### Mælingar

SAG-8335

Löguð var villa þar sem mælingar með tugabrot gátu verið skráðar á röngu sniði.

### Mælingar - Breyting á aðgangsstýringum

SAG-6953

Nú geta einstaklingar í aðgangsflokkunum rannsóknarhópur og sjúkraskrárhópur - takmarkaður einungis valið að sjá allar nýjustu mælingar eða lífsmörk fyrir þá deild sem þeir skráðu sig inn á.

### Mælingar - Vökvajafnvægi

SAG-8127

Löguð var villa þar sem ekki skráðist rétt vökvajafnvægi ef gildið var sett minna en 1 ml. Eldri gögn voru einnig löguð.

## Mæðraskrá (fæðing)

### Mæðravernd - „Skrá tíðni öndunar“

SAG-7761

Í fæðingarskráningunni er nú hægt að skrá tíðni öndunar á fæðingarstað.

## Mæðraskrá (meðganga)

### Tímabókun í Mæðravernd, litur og athugasemddálgur

SAG-8122

Nú er hægt að sjá lit tímabókanna og athugasemd sem skráð er við tímabókun í Dagskrárflípanum í mæðravernd.

### Mæðraskrá - Hjúskaparstaða

SAG-6687

Þegar hjúskaparstaða er skráð er nú hægt að velja „Sambúð“

## Persónuupplýsingar

### Afgreiðsla - Rangur einstaklingur í persónuupplýsingaglugga

SAG-8013

Löguð var villa þar sem rangur einstaklingur var valinn í persónuupplýsingaglugga þegar smeltt var á nafn einstaklings í sjúklingaborða eftir að búin var til tímabókun fyrir annan einstakling sem var valinn úr Þjóðskrá.

### Persónuupplýsingar

SAG-8125

Búið var til stilligildi sem stjórnar því hvort hægt sé að skrá upplýsingar um lögheimili í persónuupplýsingum eða hvort upplýsingarnar séu lesnar upp úr Þjóðskrá. Stilligildið er númer 185.

## Rafræn eyðublöð (gaElectronicSheets)

### Rafræn eyðublöð - villa ef blað með viðhengi var merkt ólesið

SAG-7980

Löguð var villa sem kom ef rafrænt eyðublað með viðhengi var merkt ólesið.

## Rafræn eyðublöð - TR-V hjálpartæki (#342)

SAG-7969

Það þarf að minnka hámarksstærð á viðhengjum sem hægt er að senda með TR-V hjálpartæki (#342) niður í 2 MB, annars hafnar vefþjónusta SÍ þeim. Það stendur til að breyta þessu hjá SÍ og þá verður aftur hægt að hækka hámarksstærðina Sögu megin.

### Almennt í Sögu

#### Saga

SAG-7750

Löguð var villa þar sem upplýsingar um kerfissjúkling neðst til vinstri í Sögu hreinsuðust stundum út ef Saga var læst og opnuð aftur.

#### Heilsugátt í aukaglugga í Sögu

SAG-8184

Hægt er að birta Heilsugátt í aukaglugga Sögu. Með því að virkja stilligildi 2072 og setja rétta vefslóð í gildissvæðið þá birtist auka flipi í aukaglugganum fyrir Heilsugáttina.

EKKI er hægt skipta um sjúkling í Heilsugáttinni þegar hún er birt í aukaglugga. Ef reynt er að skipta um sjúkling í Heilsugátt kemur villa um að ekki megi skipta um sjúkling og Saga opnar síðu þess kerfissjúklings sem er valinn í Sögu.

### Saga.NET

#### Fæðingartilkygningar

SAG-7928

Nú er textanum „Drengur“, „Stúlka“ eða „Barn“ bætt framan við nafn móður þegar fæðingartilkygning er send til LSH.

#### Sendingar komureikninga

SAG-7493

Nú eru allar kvittanir og afgreiðsluseðlar sendir til SÍ óháð greiðslustöðu.

### Samtengingar (aðrir aðilar)

#### ADT sendingar til TMM

SAG-8044

Sendingar á skeytum um ofnæmisupplýsingar sjúklinga til TMM berast nú mun fyrr en áður.

## ADT sendingar til TMM

SAG-7850

Ef sjúklingur er í leyfi og leyfinu er breytt þá sendum við cancel transfer og svo nýtt transfer.

## ADT sendingar til TMM

SAG-8042

Lagfærð villa sem lýsti sér í því að þegar sjúklingar skiptu innbyrðis um rúm í Legum var sami sjúklingurinn í báðum ADT skeytum sem send voru til TMM.

## ADT sendingar til TMM

SAG-8043


Ef ADT skeytasendingar frá Sögu til TMM eru virkar og persónuupplýsingum um sjúkling er breytt, t.d. kennitölu, þá er skeyti um þann sjúkling sent strax til TMM.

Ný stilling á AppServer þjónustum *Send ADT Messages To TMM* og *Send Allergy Messages To TMM* sem stjórnar því hvort sjúklingakóðinn í skeytunum til TMM er kennitala eða innra númer sjúklings í Sögu með formatið *Sagald\_###*.


## Sjúklingastika

### Sjúklingastika - Kerfisaðgerðir

SAG-7687

Fellivalmyndin sem kemur upp þegar hægrismellir er á bláa kallinn með sjúkrakassann efst í hægra horninu  inniheldur nú „Upplýsingar um einingu“ og „Loka einingu“.

Sú eining sem er opin er nú birt fyrir ofan „Upplýsingar um einingu“ og aðrar opnar einingar eru birtar í stafrófsröð neðst í glugganum.



## Sjúklingaval (gaPatientSelectionBar)

### Sjúklingaval - deildarlisti

SAG-7629

Deildir sem birtast í fellilista í sjúklingavali eru nú háðar stilligildi 184.

- Ef stilligildið er virkt þá getur notandi skoðað þær deildir sem hann hefur fengið aðgang að, auk þess að geta skoðað allar deildir innan þeirrar stofnunar sem hann er skráður inn á.
- Ef stilligildið er ekki virkt þá getur notandi einungis skoðað þær deildir sem hann hefur fengið aðgang að.

## Skriftur

### Kvittanir

SAG-7640

Undir ákveðnum kringumstæðum gat það gerst að reikningslínur á kvittunum urðu tvöfaldar í sendingum til SÍ og í skýrslunni „Sérfr: Rafræn sending reikninga til TR“. Þetta kom fyrir þegar fleiri en einn notandi hafði sömu kennitölu. Búið er að lagfæra það núna.

## Textasýn (WPF)

### Textasýn

SAG-6511

Fyrirsagnir í Textasýn innihalda nú upplýsingar um undirritaðan starfsmann og stofnun.

Lyfseðlar birtast nú sjálfgefið samanfældir. Upplýsingar um innihald lyfseðilsins birtist í fyrirsögn.

### Textasýn - Síur

SAG-6506

Nú er hægt að stofna síur fyrir nýju textasýnina og virkja vistaðar síur.

### Textasýn - Síur

SAG-7692

Nú haldast valdar síur inni þegar valið er að sækja meira eða sækja allt. Einnig haldast nóður í trénu opnar þegar valið er að sækja meira eða allt.

### Textasýn - Persónuupplýsingar

SAG-6508

Búið er að fjarlægja kaflann persónuupplýsingar úr textasýn.

## Ný textasýn - síur

SAG-8475

Nú vistast valdar síur. Síurnar haldast inni þangað til notandi smellir á kústinn sem hreinsar síur.

## TR Reikningar (gaTRInvoice)

### Reikningsyfirlit - Sending á reikningum

SAG-8082

Gjaldflokkur má nú vera 2 stafir. Áður var það minnst 3.

## Vefþjónustur (external)

### ADT sendingar til TMM

SAG-8046

Ef ADT skeytasendingar frá Sögu til TMM eru virkar og sjúklingur er skráður inn á göngudeild er TMM látið vita af sjúklingnum með því að senda skeyti sem inniheldur bara helstu persónuupplýsingar.

### MedicalDataService - Aðgerðir til að skrá, sækja, breyta og ógilda framvindunótur

SAG-7859

Eftirfarandi aðgerðir í MedicalDataService er hægt að nota til að vinna með framvindunótur úr hjúkrunarferlum.

Aðgerðin GetNursingDiagnosesInfoWithTreatments skilar öllum virkum greiningum og meðferðum fyrir sjúkling.

#### **NursingDiagnosisData:**

```
int Id: Einkvæmt númer hjúkrunargreiningar úr pc_nursing_diagnosis.diagnosis_id.  
int CreateUserId: Númer notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.  
string CreateUserName: Nafn notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.  
DateTime CreateDateTime: Tímastimpill þegar notandinn bjó greininguna til  
string Name: Titill greiningar.  
List<NursingTreatmentData> Treatments: Listi af meðferðum sem tilheyra greiningunni.
```

#### **NursingTreatmentData:**

```
int Id Einkvæmt númer meðferðar úr pc_nursing_treatments.treatment_id.
int DiagnosisId: Einkvæmt númer hjúkrunargreiningar úr pc_nursing_diagnosis.diagnosis_id.
int CreateUserId: Númer notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.
string CreateUserName: Nafn notandans, úr ga_user.id, sem býr greininguna til.
DateTime CreateDateTime: Tímastimpill þegar notandinn bjó greininguna til
string Name: Titill meðferðar.
```

Aðgerðirnar SaveNursingDiagnosisAction og SaveNursingDiagnosisActions eru notaðar til að vista framvindunótur fyrir hjúkrunargreiningar. Þessar aðgerðir taka við NursingDiagnosisActionData klösum.

#### NursingDiagnosisActionData:

```
int DiagnosisId: Einkvæmt númer hjúkrunargreiningar úr pc_nursing_diagnosis.diagnosis_id
DateTime DateAndTime: Dagur og tími sem notandinn velur fyrir framvindunótuna.
string Note: Framvindunótan sjálf.
int CreateUserId: Númer notandans, úr ga_user.id, sem býr framvindunótuna til.
DateTime CreateDate: Tímastimpill þegar notandinn býr framvindunótuna til. Notandi má ekki breyta þessu gildi.
int GroupId: Númer deildar notandana úr ga_group.id
```

#### Vefþjónustur - createsheet þjónusta

SAG-7857

Löguð var villa þar sem ekki var lengur hægt að búa til eyðublað #377, beiðni um meðferð/rannókn.

#### Vefþjónustur Sögu - Villa löguð í GetTextViewByPatientInt

SAG-8010

Vefþjónustan kastaði villu ef einstaklingur sem verið var að sækja gögn fyrir var með skráð gögn á eyðublaðið Niðurstöður rannsókna #66 og til var rannsókn á blaðinu sem var ekki tengd við kóðað atriði, s.s. innihélt einungis lýsingu.

#### Vefþjónustur Sögu - Uppfæra samantekt fyrir langveik börn

SAG-7938

Búin var til ný vefþjónusta PatientIndexService. Í þessari þjónustu var útfært vefþjónustufallið UpdateRemoteDocumentForChildWithLongTermDisease.

Yfirskriftin á fallinu er svona:

```
/// <summary>
/// To update remote document for child with long term disease
```



```
/// </summary>
/// <param name="user">UserId and GroupId in an authentication object</param>
/// <param name="patientInt">Id of the patient to update remote document for</param>
/// <param name="contentBase64Encoded">The content of the document that is to be saved</param>
/// <param name="encounterId">An encounter id that belongs to the patient in Saga</param>
/// <returns>UpdateRemoteDocumentResult object</returns>
[OperationContract]
[FaultContract(typeof(WcfExceptionShieldFault))]
UpdateRemoteDocumentResult UpdateRemoteDocumentForChildWithLongTermDisease(UserAuthentication user, int patientId, string contentBase64Encoded, int encounterId);
```

Fallið tekur inn UserAuthentication hlut eins og aðrar vefþjónustur Sögu, patientId sem er auðkenni sjúklings í Sögu, contentBase64Encoded sem er innihald skjalsins dulkóðað með Base64Encoding og encounterId sem er auðkenni samskipta í Sögu. Þegar samantekt er uppfærð þá er búið til eyðublaðið „Samantekt vegna langveikra barna #720“ í samskiptunum sem eru send inn í fallið.

Fallið skilar til baka UpdateRemoteDocumentResult hlut sem inniheldur eigindin Success sem er boolean breyta sem segir til um hvort gekk að vista samantektina, PatientAccessDenied sem er nullable boolean breyta sem segir til um hvort aðgangur að gögnum einstaklings sé óheimill, ErrorMessage og ErrorDescription sem gefa upplýsingar um villur sem koma upp.

## Vefþjónustur Sögu

SAG-7945

Búin var til vefþjónusta sem sækir textasýn einstaklings og skilar á XML formi.

Vefþjónustan heitir TextViewService. Vefþjónustufallið sem sækir textasýn heitir GetTextViewAsXml og fallakallið er

```
string GetTextViewAsXml(UserAuthentication user, int patientInt, DateTime? fromDate, DateTime? toDate)
```

## Vera (Samskiptaborð)

### Vera - ný táknmynd

SAG-8291

Komin er ný táknmynd fyrir Veru.



### Vera samskiptaborð

SAG-7832

Notendur geta nú bætt athugasemdum við fyrirspurnir/beiðnir í gegnum Veru sem eru einungis ætlaðar starfsfólki og eru ekki hluti af sjúkraskrá sjúklings.

## Vinnulisti (gaWorklist)

## Gamli vinnulisti - gamla textasýn

SAG-7907

Löguð var villa þar sem ekki var hægt að prenta út í útsprengdum glugga með gömlu textasýn.

### Viðhengi (gaAttachments)

#### Viðhengi

SAG-7953

Löguð var „Out of memory“ villa sem kom stundum upp þegar verið var að vista niður viðhengi.

#### Viðhengi - Hámarksstærð viðhengja.

SAG-7821

Nú ætti að vera hægt að vista fjórum sinnum stærri viðhengi en áður í Sögu.

### Viðmót fyrir stoðgagnaleit (OmniBox)

#### Saga - Stoðgagnaleit

SAG-7173

Nú geta starfsmenn einnig leitað eftir læknanúmeri og kennitölu starfsmanns.

### Ónæmisaðgerðir (WPF)

#### Ónæmisaðgerðir - fjöldaskráning

SAG-7612

Viðvörðun sem kemur þegar reynt er að skrá influensu ónæmisaðgerð á einstakling sem hefur verið framkvæmd áður er nú meira lýsandi og segir til um hvaða bóluefni var notað, á hvaða stofnun og hvenær aðgerðin fór fram.

#### Ónæmisaðgerðir - afritun kennitala úr Excel yfir í Sögu

SAG-7609

Nú er bætt við núlli framan við kennitölur sem eru afritaðar úr Excel ef lengd kennitölnnar er einungis níu stafir. Excel á það til að taka kennitölur og breyta þeim í tölur og þá hverfur núllið fremst.

## Ónæmisaðgerðir - fjöldaskráningarviðmót

SAG-7611

Bætt hefur verið við hnappi „Samþykka allar viðvaranir“ sem stofnar einstaklinga út frá Þjóðskrá og samþykkir allar viðvaranir.

## Ónæmisaðgerðir - opna „Í vinnslu“ listann í Excel

SAG-7610

Nú er kominn nýr hnappur „Opna lista í Excel“ sem opnar „Í vinnslu“ listann í Excel.